

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 10. nóvember 2005 staðfest sameiningu Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar, í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi og sýslumannsins í Stykkishólmi, í eitt sveitarfélag.

Í atkvæðagreiðslu sem fram fór 23. apríl 2005 lýsti meirihluti íbúa Borgarbyggðar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Borgarfjarðarsveitar, sig hlynnta því að sveitarfélögin sameinuðust ásamt Skorradalshreppi í eitt sveitarfélag. Þrátt fyrir að sameiningartillagan hafi ekki hlotið samþykki íbúa Skorradalshrepps hafa sveitarstjórnir sveitarfélaganna fjögurra ákveðið, með vísan til 2. mgr. 91. gr. sveitarstjórnarlaga, að sameina þau sveitarfélög sem samþykktu tillöguna. Ráðuneytið telur skilyrði vera fyrir hendi til sameiningar sveitarfélaganna fjögurra samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði og er því fallist á beiðni sem undirrituð er af oddvitum sveitarfélaganna, dags. 3. nóvember 2005, þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið staðfesti sameininguna.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

- Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.
- Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.
- Íbúar sveitarfélaganna fjögurra skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.
- Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.
- Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.
- Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:
- Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.
- Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega samhliða sveitarstjórnarkosningum 2006. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. nóvember 2005.

Árni Magnússon.

Róbert Ragnarsson.